

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Nýr kirkjugarður í Reykjavík

Kirkjugarður í Úlfarsfelli

Tímabundin losun ómengaðs jarðvegs

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Auglýsing tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr.5
28.mars 2016
Uppfært 27. apríl 2016

Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
var samþykkt í borgarráði þann _____ 20_.


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga
nr. 123/2010 þann _____ 20_.

Efnisyfirlit

1	Inngangur. Forsaga og núverandi staða	5
2	Þörf fyrir nýjan kirkjugarð. Forsendur breytingar.....	8
3	Mótun tillögu. Samanburður valkosta.....	9
4	Breytingartillögu.....	10
5	Umhverfismat.....	14
6	Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	14
7	Afgreiðslu- og kynningarferli	14
8	Heimildir	16
9	Viðauki. Umsagnir og athugasemdir	17

1 Inngangur. Forsaga og núverandi staða


Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030) var sett fram sú stefna að kannaður verði möguleiki á framtíðar kirkjugarði í Geldinganesi. Vegna þess hversu skammt forkönnun á mögulegum kirkjugarði var komin, þegar aðalskipulagstillagan fór í auglýsingu sumarið 2013, var ákveðið að fastbinda ekki staðsetningu kirkjugarðsins í Geldinganesi á skipulagsuppdrætti, heldur einungis gera grein fyrir stefnunni í texta (sjá skilgreiningu á OP26. Geldinganes, bls. 110,114, 212, 213).¹ Í ljósi þessarar stefnumörkunar var skilgreining kirkjugarðs undir Úlfarsfelli, í Hamrahlíðarlöndum sbr. aðalskipulagið 2001-2024 (AR2001-2024), felld út af uppdrætti (sjá staðsetningu á 1. og 2. mynd), enda ljóst að ekki væri þörf á tveimur nýjum kirkjugörðum í Reykjavík á tímabilinu til 2030.² Landinu var þó ekki ráðstafað til annarra nota, en sýnt sem opið grænt svæði, sem mögulegur hluti



1. mynd. Möguleg staðsetning kirkjugarðs/grafreits í Geldinganesi samkvæmt AR2010-2030 og áður ráðgerð staðsetning kirkjugarðs í Hamrahlíðarlöndum undir Úlfarsfelli (K). Staðsetningar sem eru til skoðunar eru á svæðum sem skilgreind eru sem opin græn svæði. Kirkjugarðar, sem nú er sérstakur landnotkunarflokkur samkvæmt skipulagsreglugerð, falla vel að þeirri landnotkun sem almennt er á opnum grænum svæðum, enda þjóna kirkjugarðar í og með sem almenningsgarðar.

¹ Almennt er stuðst er við skipulagsgögn úr staðfestri útgáfu aðalskipulagsins (sjá reykjavik.is), til að lýsa breytingum og til skýringa. Reglan er því að vísa til blaðsíðustals í staðfestri útgáfu aðalskipulagsins en í sumum tilvikum er einnig vísað til blaðsíðutals í prentaðri útgáfu aðalskipulags.

² Áformað var að kirkjugarður í Hamrahlíðarlöndum yrði mótaður með uppfyllingarefni frá uppbyggingarsvæðunum, sem þá voru ráðgerð í Úlfarsárdal. Eftir efnahagshrun haustið 2008 breyttust byggingaáform við Úlfarsfellið og ekki var gert ráð fyrir sama byggingarmagni og áður, auk þess sem hægagangur var í uppbyggingu á svæðinu. Þótti því ljóst á þeim tíma að næsti kistukirkjugarður yrði ekki á uppfyllingu við Úlfarsfell heldur þar sem hentugur jarðvegur væri til staðar. Var í því sambandi bent á Geldinganesið og því beint til stýrihóps sem fór með endurskoðun aðalskipulagsins. Vegna þess að 6-8 ár tekur að útbúa kirkjugarð sóttu KGRP um land undir kirkjugarð þar í þeirri von að þar yrði unnt að hefjast handa fyrr og hafa kirkjugarð tilbúinn, þegar Gufuneskirkjugarður yrði fullsettur.




2. mynd. Staðsetning á áður fyrirhuguðum kirkjugarði við Stekkjarbrekkur samkvæmt AR 1996-2016 og AR2001-2024 við staðfestingu þess (rauður hringur). Staðsetning á kirkjugarði undir Úlfarsfelli í Hamrahlíðarlöndum (gulur hringur), samkvæmt breytingu á AR2001-2024, frá 2004, þegar ákveðið var að ráðast í uppbyggingu verslunarkjarna við Vesturlandsveg.

útivistarsvæðis í Úlfarsfelli (OP14, sjá bls. 113 og 213). Í ljósi þessa lá fyrir að gera þyrfti breytingu á AR2010-2030 þegar niðurstaða lægi fyrir um nánara fyrirkomulag og afmörkun kirkjugarðs í Geldinganesi, enda kveður skipulagsreglugerð á um að merkja kirkjugarða í sérstökum lit, til aðgreiningar t.a.m. frá almennum opnum svæðum til útivistar.

Haustið 2014 barst erindi frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmi (KGRP) þar sem óskað var eftir því að tekið verði til skoðunar að nýr kirkjugarður verði í Úlfarsfelli í stað Geldinganes, sbr. fyrri staðsaðsetning í AR2001-2024. Í erindinu var nefnt að forsendur þess að byggja upp kirkjugarð á svæðinu hafi breyst á ný, vegna möguleika þess að nýta þann jarðveg sem til fellur á byggingarsvæði við Hlíðarenda. Talið var að þar fengust um 500.000 m³ af góðum jarðvegi og lætur nærri að það dygði til uppfyllingar fyrir kirkjugarð á svæðinu, eins og hann var áformaður á sínum tíma. KGRP lagði áherslu á að undirbúningi og skipulagsvinnu yrði hraðað en ætla má að Gufuneskirkjugarður verði fullsettur fyrir kistugrafir fljótlega eftir 2020 (sjá 2. kafla). Í erindi KGRP var bent á að undirbúningur var hafin að gerð kirkjugarðs í Úlfarsfelli árið 2007, þegar haldin var samkeppni um skipulags svæðisins (sjá 3. mynd).

Vegna þessarar óskar KGRP og breyttra forsenda var ákveðið að ráðast í breytingu á aðalskipulaginu og fá ákveðna niðurstöðu um staðsetningu næsta kirkjugarðs í Reykjavík. Við mótun tillögunnar og í umhverfismati, var lögð áhersla á að bera saman kosti þessa að byggja upp kirkjugarð í Úlfarsfelli við mögulegan kirkjugarð í Geldinganesi.

Vegna áforma um uppfyllingu og losun jarðvegs, einkum í tilviki kirkjugarðsstæðis í Hamrahlíðarlöndum við Úlfarsfelli, er breyting á aðalskipulaginu háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og því fylgir umhverfisskýrsla með aðalskipulagsbreytingunni.



3. mynd. Vinningstillaga Landmótunar úr samkeppni um kirkjugarð í Hamrahlíðarlöndum við Úlfarsfelli, frá 2007.

2 Þörf fyrir nýjan kirkjugarð. Forsendur breytingar

Tilfni aðalskipulagsbreytingar er ósk KGRP að hefja undirbúning og skipulagningu næsta kirkjugarðs Reykvíkinga. Að mati KGRP er tímabært að hefja undirbúning nú, þar sem sýnt er að Gufuneskirkjugarður verður fullnýttur innan fárra ára og ljóst að nokkur ár þarf til undirbúnings og framkvæmda.

Samkvæmt KGRP verður Gufuneskirkjugarður fullsettur um 2022 og er þá miðað við að áfram verði aukning á líkbrennslu. Gert er ráð fyrir að líkbrennsla verði um 45% af heildarfjölda greftrana árið 2025 sem er þó mun lægra en tíðkast í nágrennalöndunum. Miðað við þessar forsendur verður líklega búið að úthluta öllum nýgröfum í Gufunesi árið 2022 og aðeins eigi þá eftir að grafa í frátekin legstæði. Annar garður á höfuðborgarsvæðinu, Kópavogskirkjugarður mun endast mun lengur, og væri hægt að bjóða upp á greftranir þar. Áður en Gufuneskirkjugarður verður fullsettur þarf nýr garður í Reykjavík að vera tilbúinn nokkru áður, að öðum kosti mundi Kópavogsgarður fyllast á um 10 árum.

Gert er ráð fyrir að gera þrjú síðustu svæðin innan Gufuneskirkjugarðs grafartæk á næstu þremur árum, þ.e. 2015 til 2017. Gera má ráð fyrir að þau svæði endist í 6 ár, þ.e. til 2023. Ekki er talið æskilegt að grafa einhliða í Gufuneskirkjugarð þar til hann er fullsettur, heldur verði lögð áhersla á að taka nýjan garð í notkun a.m.k. 2 árum áður eða 2020 til 2021. Til að það sé hægt þarf að hefja undirbúningi við nýjan kirkjugarð á næstu misserum. Að mati KGRP þarf um 22 ha svæði fyrir nýjan kistukirkjugarð og er það ósk KGRP að áður ráðgert svæði við Úlfarsfell verði fyrsti valkostur.

3 Mótun tillögu. Samanburður valkosta

Eins og kom fram í inngangi markaði AR2010-2030 ekki ákveðna stefnu um staðsetningu nýs kirkjugarðs í Reykjavík en lagt var til skoða Geldinganes sem mögulegan valkost fyrir kirkjugarð. Við mótun tillögunnar var því gerður markviss samanburður á þeim valkosti sem kemur helst greina sem nýr kirkjugarður að mati KGRP og þeim möguleika sem gerð er grein fyrir í gildandi aðalskipulagi. Aðrir möguleikar sem nefndir voru í verkefnislýsingu voru útilokaðir eftir nánari skoðun þeirra. Samanburður kirkjugarðs í Úlfarsfelli og Geldingnesi er tvíþættur, annars vegar almennur samanburður útfrá skipulagsþáttum og hagrænum atriðum. Hinsvegar eru valkostirnir bornir saman útfrá áhrifum á skilgreinda umhverfispætti. Hér að neðan er gerð grein fyrir hinum almenna samanburði en umhverfismat valkostanna má finna í meðfylgjandi umhverfisskýrslu VSÓ-ráðgjafar.

Framkvæmdaþættir	Geldinganes	Úlfarsfell	Athugasemd
4.1 Staðhættir			Ekki er hægt að gera upp á milli staðanna varðandi almenna staðhætti og legu í landslagi.
4.2 Áhrif á aðra landnotkun			Meiri fórnarkostnaður er að taka land undir kirkjugarð í Geldinganesi en í Úlfarsfelli.
4.3 Náttúrulegar aðstæður til greftrunar			Að líkindum þarf að flytja mun meira efni í Úlfarsfell til að gera svæðið grafartækt en tengingar við Geldinganes eru hinsvegar allar erfiðari.
4.4 Tengsl við þéttbýli og útivist			Vegna óvissu um framtíðarskipulag á Geldinganesi er erfitt að leggja mat á hvernig tengsl við nærliggjandi byggð verða. Í Úlfarsfelli er íbúðarbyggð og blönduð byggð fyrirhuguð.
4.5 Kostnaður			Samkvæmt lauslegri kostnaðargreiningu mun gerð kirkjugarðs í Geldinganesi kalla á meiri fjárfestingar en kirkjugarður í Úlfarsfelli, einkum vegna vega- og veitukerfa.
4.6 Umhverfisáhrif			Sjá umhverfisskýrslu VSÓ-ráðgjafar
4.7 Áhrif á framkvæmdatíma			Staðbundin áhrif losunar jarðvegs verða minni í Geldinganesi vegna fjarlægðar frá byggð.

 Kostur sem er betri

Á grundvelli þessa samanburðar, niðurstaðna í umhverfisskýrslu VSÓ-ráðgjafar og framkominna umsagna og athugasemda í kynningarferli, er mælt með því að nýr kirkjugarður verði staðsettur í Úlfarsfelli.

Við mótun deiliskipulagstillögu er mikilvægt að tryggja nægilegan sveigjaneika í skilmálum svo unnt verði að bregðast við breyttum forsendum, s.s. varðandi markmið um aukningu í líkbrennslu og almennt þróun greftrunarsíða í borgarsamfélögum.

4 Breytingartillögur

Eftirfarandi atriði taka breytingum:

Skilgreining kirkjugarðs/grafreits (K):

Eftirfarandi stefnuákvæðum verður bætt í kaflann *Náttúra, Landslag, Útivist*, bls. 110.:

„**K4. Úlfarsfelli.** Gert er ráð fyrir um 22 ha kirkjugarði í Hamrahlíðarlöndum undir Úlfarsfelli. Til austurs teygir garðurinn sig inní græna trefilinn og er það gert til að undirstrika samspil kirkjugarðsins við aðliggjandi útivistarsvæði. Til að gera kirkjugarðinn grafartækan og til móta land samkvæmt deiliskipulagi garðsins, verður heimil tímabundin losun ómengaðs jarðvegs á svæðinu (sjá efnislosunarsvæði E10, tafla 6 í kaflanum *Skapandi borg*). Gert er ráð fyrir að jarðvegsframkvæmdir vegna undirbúnings kirkjugarðsins verði að mestu lokið árið 2020 og garðurinn verði tilbúinn til notkunar árið 2023. Heimilt er að leggja bráðabirgðaveg að losunarstaðnum/kirkjugarðinum og er gerð grein fyrir legu hans í deiliskipulagstillögu.³

Skilgreiningin **K4. Geldinganes** er felld út. Á bls. 212 (í kaflanum *Landnotkun*) kemur **K4. Úlfarsfell** í stað **K4. Geldinganes**. Setningin „Kannaður verði möguleiki á kirkjugarði“ verður felld út. Setning um mögulegan kirkjugarð í Geldinganesi verður felld útúr skilgreiningu fyrir OP26. Geldinganes, bls. 114 og 213.

Skilgreining efnislosunarsvæðis E10 í Úlfarsfelli:


Í töflu 6 og undirkaflann „Efnislosun“ í kaflanum *Efnistaka og efnislosun*, verður bætt við eftirfarandi upplýsingum:

„**E10. Úlfarsfell.** Tímabundin losun ómengaðs jarðvegs á vegum Reykjavíkurborgar. Tilgangur losunar er að gera svæðið grafartækt vegna skipulags nýs kirkjugarðs í Reykjavík. Landmótun, ræktun og almennur frágangur svæðis verður samkvæmt ákvæðum deiliskipulags um kirkjugarðinn. Losunin mun ná til allt að 22 ha svæðis og getur numið um 600 þúsund m³. Framkvæmd og fyrirkomulag losunar mun taka mið af þeim mótvægisáðgerðum sem sett verða fram í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar og settum skilyrðum í útgefnu framkvæmda- og starfsleyfi, auk þeirra atriða sem nefnd eru í umhverfismati aðalskipulags.“

³ Varanleg aðkoma að kirkjugarðinum er sýnd í gögnum deiliskipulags og tengist sá vegur fyrirhugaðri tengibraut, sem liggur norðan miðsvæðis í Hamrahlíðarlöndum. Aðkomuvegur þessi fellur ekki undir götur sem sýndar eru með bindandi hætti á þéttbýlisuppdraði aðalskipulags og er því ekki sýndur á uppdráttum hér að neðan.

Raflína færð í jörðu og hliðrað.

Gert er ráð fyrir að heimilt verði að hliðra háspennulínu Landsnets sem liggur um svæðið (KO 1 Korpulínu, 132 kv) útfyrir kirkjugarðssvæðið til suðurs og færa línuna í jörð. Raflínan liggur á þessum kafla innan þéttbýlissvæðis, sbr. afmörkun þess samkvæmt aðalskipulaginu (bls. 225).⁴ Lega raflína er sýnd með skematískum hætti á myndum 9 og 10 í kaflanum *Veitur*, í greinargerð aðalskipulagsins (bls. 60-61). Vegna þessa er sýnd lítilháttar tilfærsla á legu raflínunnar á umræddum myndum.



Mynd 9, bls. 60. Lega jarðstrengs er sýnd með punktalínu og færist lega raflínunnar í samræmi við það.


⁴ Lengd jarðstrengs gæti numið um 1 km. Ekki er um að ræða framkvæmd sem heyrir undir lög nr. 106/2000, m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, sbr. grein 10.21 í viðauka laganna, sem fjallar einvörðungu um tilkynningaskyldu (B flokkur) ef um lagningu niðurgrafinna strengja utan þéttbýlis sem eru lengri en 10 km.




Mynd 10, bls. 61. Lega jarðstrengs er sýnd með punktalínu og færast lega raflínunnar í samræmi við það.

Breyting á þéttbýlisuppdraetti (1:20.000)

Fyrir breytingu:



Eftir breytingu:



5 Umhverfismat.

Sjá umhverfisskýrslu VSO-ráðgjafar, mars 2016. Í skýrslunni (kafla 3.4) er fjallað sérstaklega um áhrif mögulegs fyrsta áfanga við gerð uppfyllingar vegna kirkjugarðs eða haugsetningar allt að 50 þúsund m³ efnis. Sá áfangi er tilkynningaskyldur samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Er það gert, ef til þess kemur að veitt verði framkvæmda- og starfsleyfi sérstaklega fyrir þennan fyrsta áfanga á grundvelli aðalskipulags.

6 Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040 markar ekki sérstaka stefnu um kirkjugarða á höfuðborgarsvæðinu. Miðað við framsetningu svæðisskipulagsins, þar sem ekki er mörkuð staðbundin stefna um kirkjugarða og almennt ekki sett sérstök ákvæði um kirkjugarða má ætla að mögulegt sé að staðsetja kirkjugarða á svæðum sem eru skilgreind sem „náttúra og útivist“, „dreifbýli“ og sem „þéttbýli“ eða „núverandi byggð“.

Fyrirhuguð breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna kirkjugarðs er því talin samræmast stefnumörkun gildandi svæðisskipulags. Sjá ennfremur umsögn svæðisskipulagsnefndar, dagsett 26. janúar sl, í Viðauka.

7 Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing vegna aðalskipulagsbreytingar var samþykkt í borgarráði þann 9. apríl 2015. Verklýsingin var auglýst í fjölmiðlum og send til eftirfarandi umsagnaraðila: Skipulagsstofnunar, hverfisráðs Grafarholts-Úlfarsárdals, hverfisráð Grafarvogs, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar. Umsagnir við lýsinguna bárust frá Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun.

Drög að aðalskipulagsbreytingu voru kynnt umhverfis- og skipulagsráði þann 16. desember 2015 og í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga í janúar og febrúar. Auk fyrrnefndra umsagnaraðila, voru drögin send til aðliggjandi og nágrannasveitarfélaga, svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins,⁵ Minjastofnunar Íslands, Borgarsögusafns Reykjavíkur og Landsnets. Drög að tillögu voru kynnt á fundi svæðisskipulagsnefndar þann 22. janúar og í hverfisráði Grafarholts-Úlfarsárdals þann 10. febrúar sl. Haldinn var opin íbúafundur í Dalskóla, Úlfarsárdal þann 23. febrúar sl. sem auglýstur var í fjölmiðlum. Þar voru drög að aðalskipulagstillögu ásamt umhverfismati kynnt og drög að deiliskipulagi kirkjugarðs. Á sama tíma voru gögnin gerð aðgengileg á vef borgarinnar. Umsagnir hafa borist frá eftirfarandi aðilum: Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (20. janúar), Svæðisskipulagsnefnd (26. janúar), Umhverfisstofnun (8. febrúar), Bláskógabyggð (8. febrúar), Mosfellsbæ (10. febrúar) og Minjastofnun Íslands (18. mars). Athugasemdir og

⁵ Samanber ákvæði *Höfuðborgarsvæðisins 2040*, um að umsögn svæðisskipulagsnefndar um samræmi aðalskipulagsbreytinga við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins liggi fyrir áður en tillögur eru staðfestar.

ábendingar í umsögnum leiða ekki til efnislegra breytinga á aðalskipulagstillögunni, en horft var til þeirra við uppfærslu á umhverfisskýrslu og greinargerð deiliskipulags.

Tillagan var samþykkt í auglýsingu sbr. 31. gr. skipulagslaga í umhverfis- og skipulagsráði þann 6. apríl og í borgarráði þann 7. apríl 2016.

8 Heimildir

Anna Lís Guðmundsdóttir. (2008). Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga Fornleifar á framkvæmdasvæðinu. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur.

Guðjón Örn Björnsson og Gísli Karel Halldórsson. 2008. *Rannsóknir vegna gatnahönnunar Hlíðarfóts*. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og Framkvæmdasvið Reykjavíkur. Almenna verkfræðistofan, Reykjavík.

Efla, 2014: *Hlíðarendasvæði. Jarðvinna. Áfangaskýrsla*

Helgi Geirharðsson, 2014: *Samanburður kostnaðar-Geldinganes/Úlfarsfell*

Landmótun. 2007. *Kirkjugarður við Úlfarsfell – Tillaga 5310*.

Línuhönnun verkfræðistofa. 2007. *Sundabraut 2. áfangi. Frá Gufunesi að tengingu við Vesturlandsveg, Reykjavík*. Unnið fyrir Vegagerðina og Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg. 2013. *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH. 2014. *Höfuðborgarsvæðið. 2040. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Tillaga til auglýsingar*.

Sólborg Una Pálsdóttir. (2004). Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn.

Umhverfiráðuneytið. (2002). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020*. Reykjavík: Umhverfiráðuneytið.

Umhverfisstofnun. e.d. *Náttúruuminjaskrá Suðvesturlands*. Fengið af vef <http://ust.is/einstaklingar/nattura/naturuminjaskra/sudvesturland/> þann 12.03.2015

9 Viðauki. Umsagnir og athugasemdir

Reykjavíkurborg - Umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

 Reykjavíkurborg Umhverfis- og skipulagssvið		
Skjaln.	Afrið til	Ábm.
Móttekið 30. APR. 2015		
Skrifst. sviðstj. ☐ Nefnd / Afgr.fund. ☐ Afgreitt ☐		sign
Byggingarfulltr. ☐		
Skipulagsfulltr. ☐		
Athugasemdir		

Reykjavík, 24. apríl 2015
Tilvísun:201504027 / 3.2

Efni: Lýsing tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, nýr kirkjugarður í Reykjavík

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar, dags. 15. apríl 2015, þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. í mars 2015, vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2015, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar er staðarval nýs kirkjugarðar í Reykjavík og eru tvö svæði til skoðunar, annars vegar Geldinganes og hins vegar í hlíðum Úlfarsfell. Bæði svæðin eru skilgreind sem opin svæði (OP) í aðalskipulaginu en svæðið sem verður fyrir valinu fær skilgreininguna kirkjugarður (K). Við gerð nýs kirkjugarðs við Úlfarsfell er fyrirhugað að nýta jarðveg sem fellur til á byggingarsvæði við Hlíðarenda, eða allt að 500.000 m³ efnis, en ekki er þörf fyrir aðflutt efni í Geldingarnesi.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir málsgögn og telur lýsinguna gefa góða mynd að viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar og umfangi og áherslum í umhverfismati. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við lýsinguna en minnir á að gefa þarf Umhverfisstofnun tækifæri til að koma á framfæri ábendingum eða athugasemdum við tillöguna og umhverfismat hennar og ef við á, fjalla um skammtímaáhrif breytingarinnar svo sem á framkvæmdatíma.

Birna Bj. Árnadóttir

Birna Björk Árnadóttir

Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík



Reykjavík 26. maí 2015
UST201504-086/K.S.J.
10.04.02

Efni:Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, vegna nýs kirkjugarðs.

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar lýsingar nýs kirkjugarðs í Reykjavík. Fram kemur í greinargerð að þau svæði sem eru til skoðunar fyrir nýjan kirkjugarð eru Hamrahlíðarlönd við Úlfarsfell, Geldinganes og önnur opin svæði á Úlfarfellssvæðinu.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun minnir á að að Eiðinu er liggur út í Geldinganes er svæði nr. 130 á náttúruminjaskrá, Úlfarsá og Blikastaðakró, Reykjavík, Mosfellsbæ. Í skránni segir um svæðið: „Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir valllendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur“. Þar sem Geldinganes er skilgreint sem útivistarsvæði er mikilvægt að mati stofnunarinnar að tekið sé tillit til náttúruminja á svæðinu.

Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun lýsinguna skýra og að þar komi það fram sem mikilvægt er og varðar áætlun um nýtt kirkjugarðasvæði.

Virðingarfyllt

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri





Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. janúar 2016
Tilvísun: 2015120130/25.14

Efni: Umsögn um drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna fyrirhugaðs kirkjugarðs í Úlfarsfelli


Vísað er til erindis Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 11. janúar sl. um drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna nýs kirkjugarðs í Reykjavík. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir erindið ásamt meðfylgjandi gögnum, greinargerð og drög að umhverfisskýrslu dags. desember 2015 og gerir eftirfarandi athugasemdir.


Í umhverfisskýrslu, kafla 4, töflu 4.1, kemur fram að til að tryggja góð loftgæði eigi að fergja efni á losunarstað til að hindra fok og þvo dekk vörubíla á efnistöku og efnislosunarstað og er það sagt vera á ábyrgð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. HER bendir á að verktakar og rekstraraðili losunarstaðarins bera ábyrgð á þessum þáttum þó svo að HER hafi eftirlit með losunarstaðnum og meðhöndli kvartanir ef þær berast.

Í umhverfisskýrslu þarf að koma fram að móttaka efnis í Úlfarsfelli sé háð starfsleyfi HER.

Heilbrigðiseftirlitið áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir við þetta mál á síðari stigum og óskar eftir að fá það til umsagnar.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Svava S. Steinarsdóttir
heilbrigðisfulltrúi


Kristín L. Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 26.01.2016
1601003 HÁP

Varðar: **Umsögn svæðisskipulagsnefndar við forkynningu á breytingu á AR2030 vegna nýs kirkjugarðs**

Á fundi svæðisskipulagsnefndar, þann 22. janúar 2016, var fjallað um drög að breytnigu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 ásamt drögum að umhverfisskýrslu um nýjan kirkjugarð við Úlfarsfell.

Í Höfuðborgarsvæðinu 2040, töflu 3 „Málsmeðferð einstakra þátta svæðisskipulagsins eftir svæðisbundnu mikilvæg“ eru kirkjugarðar flokkaðir sem 2. stigs skipulagsþáttur sem mörkuð er almenn stefna um í svæðisskipulagi en nánari útfærslu vísað til aðalskipulags. Hún varðar þætti sem kunna að hafa mikið svæðisbundið gildi.

Það er svæðisskipulagsnefndar að meta, í hverju tilviki fyrir sig, hvort stefna er í samræmi við svæðisskipulag eða kallar á breytingu á því. Mat svæðisskipulagsnefndar á að byggist á rökstuðningi viðkomandi sveitarfélags um samræmi tillögunnar við svæðisskipulagið og mati á svæðisáhrifum. Niðurstaða svæðisskipulagsnefndar segir til um hvort breytingin hefur mikið svæðisbundið gildi og málsmeðferð verði skv. 1. stigi (svæðisskipulagsbreyting) eða 3. stigi (aðalskipulagsbreyting).

Í erindinu er gegnið útfrá því að einungis sé um aðalskipulagsbreytingu að ræða (3. stig) og er fjallað um samræmi við stefnu svæðisskipulagsins. Svæðisskipulagsnefnd er sammála því mati enda hefur verið gert ráð fyrir að kirkjugarður verði í hlíðum Úlfarsfells og að sá kirkjugarður falli að græna vef höfuðborgarsvæðisins (sjá fylgirit 8 – Náttúra og útivist).

Niðurstaða svæðisskipulagsnefndar kemur fram í eftirarandi bókun úr fundargerð:

Það er mat svæðisskipulagsnefndar að málsmeðferð aðalskipulagsbreytingarinnar falli undir 3. stig. Horft hefur verið til uppbyggingar kirkjugarðs í Úlfarsfelli í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Svæðisskipulagsnefnd hvetur Reykjavíkurborg til að huga að tengslum nýs kirkjugarðs við græna trefilinn og útivistarsvæðis við Úlfarsfell í skipulagsvinnunni líkt og kemur fram í fylgiriti 8 með Höfuðborgarsvæðinu 2040. Þar væri skoðað sérstaklega hvernig kirkjugarðurinn geti haft hlutverk í græna vef höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé
svæðisskipulagsstjóri



Reykjavíkurborg

Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykholti, 8.02.2016
1602030 VV

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030; nýr kirkjugarður í Reykjavík.

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 29. janúar 2016 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu þess:

Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030; nýr kirkjugarður í Reykjavík.

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 er varðar nýjan kirkjugarð í Reykjavík. Byggðaráð gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi tillögur að breytingu aðalskipulags

Þessi afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 4. febrúar 2016

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. febrúar 2016
UST201601-072/K.S.J.
10.04.02

Efni: Drög. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030, nýr kirkjugarður.

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 11. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er fjallar um nýjan kirkjugarð. Erindinu fylgja drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar og drög að umhverfisskýrslu um nýjan kirkjugarð í Reykjavík.

Umhverfisstofnun bendir á að texti á forsíðu tillögu að aðalskipulagsbreytingu er villandi, en þar segir: Nýr kirkjugarður í Reykjavík, kirkjugarður í Úlfarsfelli, tímabundin losun ómengaðs jarðvegs. Umhverfisstofnun hefur fengið staðfest að haugsetning í Hamrahlíðarlöndum er áætluð sem varanleg haugsetning. Þegar talað er um tímabundna losun, þá þýðir það að haugsetning sé til tiltekins takmarkaðs tíma og að efnið verði síðan flutt áfram.

Staðsetning

Í drögum að aðalskipulagsbreytingu eru tveir mismunandi kostir fyrir kirkjugarð skoðaðir. Annars vegar staðsetning á Geldinganesi og hins vegar staðsetning í Hamrahlíðarlöndum undir Úlfarsfelli. Einnig kemur fram að ef svæði við Úlfarsfell verður notað er miðað við að haugsetja þar alls 500.000 m³ á um 22 ha lands. Efnið verður fengið af Hlíðarendasvæðinu í Vatnsmýri.

Einnig kemur fram að ekki er reiknað með að aðkeyrt efni þurfi í kirkjugarð í Geldinganesi. Í Geldinganesi yrði votlendissvæði fyrir röskun á áhrifasvæði kirkjugarðs. Votlendið er yfir 20.000 m² og nýtur því sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun tekur undir að flutningur 500.000 m³ mun skapa aukið álag á samgöngukerfi á framkvæmdatíma. Umhverfisstofnun tekur undir tillögur um mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum kirkjugarðs í Úlfarsfelli á framkvæmdatíma.

Verðmæti jarðvegs

Umhverfisstofnun bendir á að ómengaður jarðvegur líkt og talað er um í umhverfisskýrslu er verðmætur og að mati stofnunarinnar þyrfti mat á jarðveginum að koma fram í umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir því að nýta jarðveginn á kirkjugarðssvæðinu.

Votlendi

Umhverfisstofnun tekur undir að það yrðu neikvæð umhverfisáhrif af gerð kirkjugarðs í Geldinganesi þar sem votlendi er nýtur sérstakrar verndar myndi raskast.

Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd er umfjöllun um sérstaka vernd m.a. votlendis í grein nr. 61 þegar síðari breytingar hafa verið felldar inn í löginn.

Verndarsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir það að kirkjugarður í Geldinganesi hefði mjög neikvæð áhrif á svæði á náttúruminjaskrá.

Niðurstaða

Umhverfisskýrsla er fylgir erindinu er afar greinargóð og gerir Umhverfisstofnun að öðru leyti ekki athugasemd við hana. Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöðu skýrslunnar.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur



Reykjavíkurborg, umhv.- og skipulagssvið
b.t. Haraldar Sigurðssonar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Mosfellsbæ, 10.02.2016
erindi nr. 201601200/19.2 fb

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 405. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 9. febrúar 2016, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Kirkjugarður Úlfarsfelli

Haraldur Sigurðsson f.h. Reykjavíkurborgar sendir til kynningar skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan varðar kirkjugarð undir Úlfarsfelli. Frestað á 404. fundi.


Nefndin gerir ekki athugasemdir við erindið, en vísar til umfjöllunar í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar um hugsanlegan kirkjugarð fyrir höfuðborgarsvæðið í landi Mosfellskirkju, og felur skipulagsfulltrúa koma upplýsingum um hana á framfæri við Reykjavíkurborg.

Með bréfi þessu fylgir afrit af bls. 152 í greinargerð með aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, með útdrætti úr erindi/athugasemd Lágafellssóknar og svari skipulagsnefndar. Umræddur skiki 206-L er land í eigu kirkjunnar milli Þingvallavegar og Köldukvíslar, beggja vegna við veginn heim að Mosfellskirkju.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar



Finnur Birgisson
skipulagsfulltrúi

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52. gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.





Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavíkurborg, umhverfis - og skipulagssvið
Haraldur Sigurðsson
Deildarstjóri aðal- og svæðisskipulags
Borgartún 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík 18. mars 2016
MÍ201602-0117/6.08 / K.M.

Efni: Nýr kirkjugarður í Reykjavík. Breyting á aðalskipulagi.

Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna staðsetningu nýs kirkjugarðs í Reykjavík.

Fjallað er um tvo möguleika á staðsetningu nýs kirkjugarðs í greinargerð og umhverfisskýrslu. Annars vegar í Geldinganesi og hins vegar undir Úlfarsfelli.

Í kafla 3.2.2 í umhverfisskýrslu er fjallað um fornleifar. Eins og þar kemur fram hafa fornleifar verið skráðar á báðum svæðunum. Fornleifaskráning í Geldinganesi var gerð í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar og afmarkaðist að mestu við áhrifasvæði þeirrar framkvæmdar. Fornleifaskráning á Úlfarsfellssvæðinu var gerð sem hluti af skráningu fornleifa á jörðinni Lambhaga. Í umhverfisskýrslu segir að fjórar af þeim fornleifum sem skráðar hafa verið í Geldinganesi séu staðsettar á því svæði sem til skoðunar er undir nýjan kirkjugarð þar. Talið er að ein tóft undir Úlfarsfelli kunni að verða fyrir áhrifum kirkjugarðs. Á svæðinu eru einnig stríðsminjar frá seinni heimsstyrjöldinni. Í 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að til fornleifa teljist hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, á jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára eða eldri. Minjar frá seinni heimstyrjöldinni teljast því ekki til fornleifa og njóta ekki verndar laganna. Minjastofnun Íslands telur engu að síður mikilvægt að vernda slíkar minjar sé þess kostur.

Í kafla 4 í greinargerð (Nýr kirkjugarður í Reykjavík. Kirkjugarður í Úlfarsfelli. Tímabundin losun ómengaðs jarðvegs.) er fjallað um breytinga á gildandi aðalskipulagi. Þar segir m.a. um kirkjugarð undir Úlfarsfelli að heimilt verði að leggja bráðabirgðaveg að losunarstað/kirkjugarði og að gerð verði grein fyrir legu hans í

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

deiliskipulagstillögu. Einnig er gert ráð fyrir að háspennulína Landsnets sem liggur um svæðið verði færð í jörðu og lítilega hliðarað.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við staðsetningu nýs kirkjugarðs hvort sem er í Geldinganesi eða undir Úlfarsfelli. Stofnunin telur að í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir kirkjugarð á hvorum staðnum sem er þurfi að skrá fornleifar að nýju innan deiliskipulagsreits. Færa þarf útlínur fornleifa inn á skipulagsuppdrátt og gera grein fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar innan reits.

Í kafla 3.4 í umhverfisskýrslu er fjallað um áfangaskiptingu og áhrif þess að hausetja 100.000 m³ af efni í Úlfarsfelli í fyrsta áfanga. Þar segir að staðsetning fyrsta áfanga haugsetningar liggi ekki fyrir en að hægðarleikur ætti að vera að staðsetja haugsetningu efnis fjarri minjum, þar með talið stríðsminjum, ef Minjastofnun Íslands óski þess. Minjastofnun Íslands leggst ekki gegn áformum um haugsetningu efnis á svæðinu en óskað eftir því að staðsetning haugsetningar í fyrsta áfanga verði ákveðin í samráði við stofnunina.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna staðsetningu nýs kirkjugarðs í Reykjavík. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun.
Afrit sent í tölvupósti:
(minjavarsla@reykjavik.is)

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Reykjavíkurborg-Umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

 Reykjavíkurborg Umhverfis- og skipulagssvið		
Skjalnúmer	Afrit til	Ábmr.
Móttekið 27. APR. 2016		
Skrifst. sviðstj.	☐ Nefnd / Afgf. fund.	☐ Afgreitt
Byggingarfulltr.	☐	☐
Skipulagsfulltr.	☐	☐
Athugasemdir		

Reykjavík, 22. apríl 2016
Tilvísun: 201504027 / 3.2

Efni: Kirkjugarður við Úlfarsfell

Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið, hefur með erindi dags. 8. apríl 2016 sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi borgarinnar. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í borgarráði þann 7. apríl 2016.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. 28. mars 2016/uppfærð 8. apríl 2016 þar sem breytingin er sýnd á þéttbýlisuppdrætti í mkv. 1:20.000. Umhverfisskýrsla er í sér hefti dags. í mars 2016.

Í breytingartillögunni felst að skilgreina nýjan kirkjugarð á opnu svæði undir Úlfarsfelli. Nýjum stefnuákvæðum fyrir 22 ha kirkjugarð, K4. Úlfarsfell, er bætt við í greinargerð í undirkaflanum kirkjugarðar og grafreitir og kafla K4. Fallið er frá kirkjugarði í Geldinganesi. Í töflu 6 og undirkaflanum efnislosun er bætt við E10 Úlfarsfell fyrir tímabundna losun ómengaðs jarðvegs. Háspennulínu sem liggur um svæðið, KO 1 Korpulína, er hliðrað út fyrir svæðið og línar færð í jörð sem felur í sér lítilsháttar breytingar á myndum 9 og 10 í greinargerð.

Með erindinu bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, dags. 26. maí 2015 og 8. febrúar 2016, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, dags. 20. janúar 2016, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 26. janúar 2016, Bláskógabyggð, dags. 8. febrúar 2016, Mosfellsbæ, dags. 10. febrúar 2016 og Minjastofnun, dags. 18. mars 2016.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga en bendir á að koma þarf fram í skipulagsgögnum hvaðan aðkoma að kirkjugarðinum verður. Leita þarf umsagnar Landsnets vegna breytts fyrirkomulags á Korpulínu.

Birna Bj. Árnadóttir

Birna Björk Árnadóttir

